

Sp.

618. Svar

[149. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Þórhildar Þorleifsdóttur um tekjur, tekjuskatt og útsvar kvenna og karla á Íslandi árið 1986.

Upplýsingar þessar eru unnar fyrir ráðuneytið af Þjóðhagsstofnun upp úr skattframtölum einstaklinga fyrir árið 1987 vegna tekna ársins 1986.

1.–2. Heildar- og meðaltekjur karla og kvenna á árinu 1986 eftir skattumdæmum.

Heildar- og meðaltekjur karla og kvenna á árinu 1986 eftir skattumdæmum.

	Konur		Karlar		Konur og karlar	
	Heildar- tekjur M.kr.	Meðal- tekjur Þús. kr.	Heildar- tekjur M.kr.	Meðal- tekjur Þús. kr.	Heildar- tekjur M.kr.	Meðal- tekjur Þús. kr.
Reykjavík	13 081	358,1	22 248	660,8	35 329	503,3
Reykjanes	6 775	330,8	14 774	709,0	21 549	521,5
Vesturland	1 555	305,3	3 538	643,3	5 093	480,8
Vestfirðir	1 067	314,7	2 707	711,5	3 774	524,5
Norðurland v.	1 086	296,6	2 284	575,3	3 370	441,6
Norðurland e.	2 886	312,2	5 901	625,5	8 787	470,4
Austurland	1 322	294,6	3 078	618,4	4 400	464,8
Suðurland	2 087	310,4	4 543	604,7	6 630	465,7
Allt landið	29 859	333,2	59 073	658,5	88 932	495,9

Ekki kom fram í fyrirspurninni við hvaða tekjuskilgreiningu skyldi miðað, en hér eru tilfærðar svokallaðar heildartekjur sem eru samtala launa- og tilfærslutekna. Á skrá eru alls 179 317 framteljendur, þar af voru 89 611 konur og 89 706 karlar. Tekjulausir framteljendur voru 3984, þar af voru tveir af hverjum þremur konur, eða 2647 á móti 1337 körlum. Af töflunni má sjá að karlar öfluðu 66,4% teknanna árið 1986.

3.–4. Heildar- og meðaltekjuskattar karla og kvenna á árinu 1986 eftir skattumdæmum.

Þær tölur um tekjuskatta, sem hér eru sýndar, taka einvörðungu til álagðs tekjuskatts að frádrögnum persónuafslætti, þannig er ekki tekið tillit til barnabóta og ekki heldur til sjúkratryggingagjalds eða gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra.

**Heildar- og meðaltekjuskattur karla og kvenna á árinu 1986
eftir skattumdæmum.**

	Konur		Karlar		Konur og karlar	
	Heildar- tekju- skattar	Meðal- tekju- skattar	Heildar- tekju- skattar	Meðal- tekju- skattar	Heildar- tekju- skattar	Meðal- tekju- skattar
	M.kr.	Pús. kr.	M.kr.	Pús. kr.	M.kr.	Pús. kr.
Reykjavík	549	4,5 (1,5)	2 202	10,8 (6,6)	2 751	8,5 (3,9)
Reykjanes	250	3,8 (1,2)	1 458	10,6 (7,0)	1 708	8,4 (4,1)
Vesturland	47	3,5 (1,0)	296	8,8 (5,4)	343	7,3 (3,2)
Vestfirðir	36	3,5 (1,1)	273	10,7 (7,2)	309	8,6 (4,3)
Norðurland v.	25	2,7 (0,7)	166	7,5 (4,2)	191	6,1 (2,5)
Norðurland e.	78	3,2 (0,8)	475	8,4 (5,1)	553	6,8 (3,0)
Austurland	37	3,1 (0,8)	249	8,3 (5,0)	286	6,8 (3,0)
Suðurland	59	3,1 (0,8)	362	8,1 (4,8)	421	6,6 (3,0)
Samtals	1 081	3,9 (1,2)	5 481	9,9 (6,1)	6 562	7,9 (3,7)

Meðaltekjuskattar eru hér reiknaðir á tvennan hátt. Annars vegar er reiknaður meðaltekjuskattur þeirra sem bera tekjuskatt. Í svigatölum er sýndur meðaltekjuskattur allra framteljenda, en um 46% framteljenda báru tekjuskatt á árinu 1986. Af töflunni að ofan má sjá að karlar báru 83,5% tekjuskattanna sem bera má saman við að þeir öfluðu um tveggja þriðju hluta teknanna. Þessi niðurstaða þarf ekki að koma á óvart í stighækkandi skattkerfi.

Skipting tekjuskatts eftir kyni skattgreiðenda er í reynd ákaflega hæpin hvað hjón varðar. Hér kemur til að þótt sérsköttun tekna hafi verið meginregla skattalaganna var engu síður um að ræða allnokkrar millifærslur milli hjóna. Annars vegar var hér um að ræða að næði tekjuskattsstofn annars hjóna ekki neðsta tekjuskattsþrepi (412 200 kr. við álagningu 1987) hækkaði neðsta tekjuskattsþrep hjá hinu hjóna þannig að lágsta skattprósenta reiknaðist af allt að fyrstu 618 pús. kr. tekjunum. Ónýttur persónuafsláttur annars maka gat enn fremur nýst hinum. Ætla má að þessar millifærslur hafi fyrst og fremst gengið til eiginmannanna. Samkvæmt ákvæðum skattalaganna um vaxtafrádrátt kom hann til frádráttar hjá því hjóna sem var tekjuhærra. Skattalögin kváðu á um að hjón skyldu nota sömu frádráttarreglu og þar með gat tekjulægri makinn ekki nýtt fastan frádrátt og hafði því eingöngu rétt til frádráttar lífeyrisiðgjalds, stéttarfélagsgjalds, auk nokkurra smærri frádráttarliða. Þessar millifærslur höfðu allar í för með sér lækkun á tekjusköttum karla.

*5.-6. Heildar- og meðalútsvar karla og kvenna á árinu 1986
eftir skattumdæmum.*

Hér eru tilfærðar tölur um álagt útsvar að frádragnum afslætti vegna fjölskyldu, en ekki er tekið tillit til hugsanlegrar færslu ónýts persónuafsláttar til greiðslu útsvars.

**Heildar- og meðalútsvar karla og kvenna á árinu 1986
eftir skattumdæmum.**

	Konur		Karlar		Konur og karlar	
	Heildar- útsvar	Meðal- útsvar	Heildar- útsvar	Meðal- útsvar	Heildar- útsvar	Meðal- útsvar
	M.kr.	Þús. kr.	M.kr.	Þús. kr.	M.kr.	Þús. kr.
Reykjavík	911	3,2 (2,5)	1 864	6,2 (5,5)	2 775	4,8 (4,0)
Reykjanes	497	3,1 (2,4)	1 290	6,7 (6,2)	1 787	5,0 (4,3)
Vesturland	114	2,8 (2,2)	312	6,1 (5,7)	426	4,6 (4,0)
Vestfirðir	82	2,9 (2,4)	247	7,0 (6,5)	329	5,2 (4,6)
Norðurland v.	80	2,6 (2,1)	196	5,4 (4,9)	276	4,2 (3,6)
Norðurland e.	211	2,8 (2,3)	516	6,0 (5,5)	727	4,5 (3,9)
Austurland	100	2,7 (2,2)	275	5,9 (5,5)	375	4,5 (4,0)
Suðurland	150	2,8 (2,2)	388	5,7 (5,2)	538	4,4 (3,8)
Samtals	2 145	3,0 (2,3)	5 088	6,2 (5,7)	7 233	4,7 (4,0)

Á sama hátt og í svari við 3. og 4. spurningu eru meðalútsvör reiknuð með tvennum hætti: Annars vegar meðalútsvar þeirra sem borga útsvar og hins vegar sem meðalútsvar allra framteljenda.

Taflan sýnir að karlar bera um 70% af útsvörunum. Samanburður við skiptingu teknanna og tekjuskattanna milli kynja sýnir að dreifing útsvaranna er svipuð og dreifing teknanna, enda eru útsvörin því sem næst hlutfallsleg og byrði þeirra hækkar aðeins lítillega með tekjum.